


Stefna 2025–2027



Hagstofa Íslands

Upplýst samfélag





Ytra umhverfi

Á síðustu árum hafa gögn fengið aukið samfélagslegt mikilvægi. Þau eru nýtt til að auka gæði þjónustu, mæla og greina úrlausnarefni og til að leggja grunn að ákvörðunum. Aukið mikilvægi gagna hefur leitt til aukinnar sérhæfingar í meðferð og úrvinnslu gagna í samfélaginu.

Notendur gera kröfur um að geta fengið og notað gögn með einföldum og skilvirkum hætti. Gögnum þurfa að fylgja góðar lýsingar sem útskýra forsendur og aðferðir.

Mikilvægt er fyrir notendur að fá réttar upplýsingar eins fljótt og mögulegt er, en einnig að upplýsingar búi yfir innra samræmi og séu samanburðarhæfar. Það gerir notendum kleift að skoða þróun yfir tíma auk þess að taka stöðu hverju sinni. Notendur gera jafnframt kröfur um áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar.

Notendur þurfa aðgengilegar upplýsingar sem byggja á góðum gögnum. Séu upplýsingar settar í samhengi fæst dýpri skilningur á viðfangsefninu sem stuðlar að aukinni þekkingu. Þekking er grundvöllur upplýstra ákvarðana og umræðu í samfélaginu.



Viðbrögð Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands vinnur að stöðugum umbótum til að styrkja hlutverk sitt sem helsta upplýsingaveita samfélagsins. Hagstofa Íslands stuðlar að aukinni þekkingu og nýsköpun í góðu starfsumhverfi til að veita aðgengilegar og hlutlægar upplýsingar.

Hagstofa Íslands er þjónustumiðuð og leggur áherslu á að notendur geti auðveldlega fundið þær upplýsingar sem þarf. Áhersla er lögð á lýsigögn til að auka notagildi upplýsinga.

Hagstofan leggur áherslu á vönduð vinnubrögð og skipulagt utanumhald gagna ásamt skilvirkri úrvinnslu til að veita notendum sem besta þjónustu. Með samræmdri högun gagna er einfaldara að þróa nýjar afurðir með minni áhættu og meiri hagkvæmni.

Hagstofan leggur áherslu á greiningar og bætt samhengi upplýsinga. Með öflugum mannauði í starfsumhverfi sem einkennist af þekkingu og nýsköpun og í nánu samstarfi við notendur getur Hagstofan hagnýtt gögn til hagsbóta fyrir samfélagið.



Þjónusta

Við erum þjónustumiðuð og umbreytum gögnum í þekkingu til upplýstra ákvarðana og umræðu.

Við leggjum áherslu á samstarf við notendur, að lágmarka svarbyrði, samræma gögn og auðvelda aðgang að upplýsingum.



Áreiðanleiki

Við erum sjálfstæð, fagleg og sýnum ábyrgð með því að greina frá aðferðum og beita hlutlægum vinnubrögðum.

Við virðum trúnað og tryggjum öryggi gagna.



Framsækni

Við horfum til framtíðar, erum opin fyrir nýjungum, tökum breytingum og stuðlum að aukinni þekkingu og nýsköpun.

Við vinnum saman í jákvæðu og hvetjandi umhverfi þar sem samskipti einkennast af trausti og virðingu.



Hagstofa Íslands
er framsækin þekkingarmiðstöð
sem veitir góða þjónustu
og stuðlar að upplýstu samfélagi

Aðgengilegar upplýsingar og þekking

Þekkja þarfir samfélagsins

Eiga virkt samtal og
samráð við notendur og
gagnaveitendur

Bæta þjónustu

Þróa skýrar þjónustuleiðir
og tryggja skilvirkni í
þjónustu

Auka virði hagtalna

Bæta samhengi hagtalna
og endurskoða útgáfuleiðir

Viðhalda trausti

Auka sýnileika
Hagstofunnar og efla tengsl
við fjölmiðla

Samræmd högun upplýsinga og ferla

Styrkja gagnainnviði

Samræma gögn og innleiða
kerfi sem styðja við
samræmda högun

Samræma og sjálfvirknivæða ferla

Auka skilvirkni ferla og
skjala í gæðakerfið

Virkja nýsköpun

Leggja áherslu á nýsköpun
og umbætur og auka
sýnileika

Tryggja rekstraröryggi tækniinnviða

Efla öryggisvitund og staðla
tækni- og rekstrarumhverfi

Þekkingamiðað starfsumhverfi

Auka samvinnu

Tryggja skýr hlutverk og
ábyrgð eininga og efla
teymisvinnu

Tryggja fagmennsku


Gefa umboð til athafna,
byggja upp þekkingu og
setja áherslu á árangur

Styðja og hvetja

Leggja áherslu á hvetjandi
stjórnun og samskipti

Byggja upp starfsumhverfið

Tryggja góð vinnuskilyrði
og styðja við jákvæðan
starfsanda



Þjónusta | Áreiðanleiki | Framsækni